

Lagðar eru til breytingar á reglugerð um hávaða þannig að sett verði inn ákvæði er varða hávaða frá skotvöllum, hávaða vegna framkvæmda, hávaða frá samkomustöðum og sérstöku viðburðum, hávaða frá vindmyllum og hávaða frá akstursípróttasvæðum. Einnig gerir reglugerðarbreytingin ráð fyrir heimild heilbrigðisnefnda til að fara fram á að unnin sé greinargerð af hálfu rekstraraðila fyrir hljóðvist húsnæðis í samræmi við umfang og eðli starfsemi og möguleg grenndaráhrif. Þá gerir reglugerðarbreytingin ráð fyrir að heilbrigðisnefnd sé heimilt að krefja framkvæmda- eða rekstraraðila um hljóðmælingar, s.s. sítandi hljóðmæli, við framkvæmdir og starfsemi. Loks er uppfærð tilvísun í Staðalinn *Hljóðvist – Flokkun íbúðarhúsnæðis* og tiltekið að yfirbyggðar svalir uppfylla ekki skilyrði um hljóðláta hlið skv. flokki C í staðlinum.

Helstu breytingar eru nánar tiltekið eftirfarandi:

1. Skilgreining á *Aðgerðaráætlun* er felld brott, þar sem hugtakið kemur ekki fyrir í reglugerðinni. Skilgreiningu á *Hávaðavísi* er breytt þannig að vísað er í mörk í stað umhverfismörk og staflíð f. bætt við skilgreininguna.
2. Orðalagi 1. ml. 1. mgr. 4. gr. breytt þannig að vísað er í nýja töflur í viðauka varðandi skotvelli, vindmyllum og akstursípróttasvæði, og skotvöllum, vindmyllum og akstursípróttasvæði bætt inn í upptalningu fyrir starfsemi sem er tilgreind yfir atvinnustarfsemi sem reglugerðin nær til.
3. Töluverðar breytingar eru á 5. gr. og greinin birt í heild sinni á ný – Yfirbyggðar svalir uppfylla ekki skilyrði um hljóðláta hlið skv. flokki C í staðli ÍST45:2016 *Hljóðvist – Flokkun íbúðarhúsnæðis*, bætt inn málsgrein um undantekningartilvik þegar ekki er unnt að ná flokki C í staðli, ártal staðalsins uppfært og ný málsgrein um val á staðsetningum fyrir skotvelli. Loks eru tvær nýjar málsgreinar um að heilbrigðisnefnd er heimilt að fara fram á við rekstraraðila að unnin sé greinargerð fyrir hljóðvist húsnæðis í samræmi við umfang og eðli starfsemi og athafna og nefndinni sé heimilt að gera kröfu um hljóðmælingar s.s. sítandi hljóðmæli við framkvæmdir og starfsemi.
4. Breyting gerð á 2. mgr. 6. gr. þannig að vísað er til viðeiganda taflna.
5. Breyting gerð á 1. ml. 1. mgr. 7. gr. og orðinu „fjarlægð“ bætt við.
6. Breytingar varðandi aðgæslureglur eru gerðar í síðasta málslíð 2. mgr. 8. gr. og í nýrri 4. mgr.
7. Tvær nýjar málsgreinar varðandi hávaðasamar framkvæmdir settar í 3. og 4. mgr. 9. gr. og eldri 3. mgr. verður 5. mgr. með óbreyttu orðalagi.
8. Breytingar í texta varðandi hávaðasama samkomustaði, sérstaka viðburði og hátalara utandyra.
9. Bætt er við nýrri grein, grein 10. a., varðandi skotvelli. Þar er gerður greinarmunur á eldri og nýjum skotvöllum og hvernig nota eigi töflu VI í viðauka. Lagt er til að lægri mörk gildi fyrir nýja velli. Hér er stuðst við sænskar hljóðvistarreglur. Sjá til hliðsjónar <https://www.naturvardsverket.se/vagledning-och-stod/buller/buller-fran-skjutbanor-och-skjutfalt/#E1886831051>. Tilgreint er að fyrir skotvelli með litla notkun, 12 klst. á viku, er heimilt að miða við efri mörk í töflu VI í viðauka. Einnig er ákvæði um hávaða frá skotvöllum fyrir haglabyssur.
10. Orðinu „Umhverfisstofnun“ skipt út fyrir Umhverfis- og orkustofnun hvarvetna í reglugerðinni.
11. Breytingar eru gerðar á ákvæði um þvingunarúrræði og viðurlög – vísað í ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
12. Loks eru lagðar til breytingar á viðauka. Þremur málsgreinum bætt inn í Viðbætur í Skýringar á töflum og ákvæði 3. ml. 3. mgr. breytt. Breytingar eru gerðar á töflum IV (Mörk fyrir hávaða vegna framkvæmda) og V (Mörk fyrir hávaða vegna framkvæmda). Nýjar töflur eru settar inn, Tafla VI. Mörk fyrir hávaða frá skotvöllum, sbr. fyrrgreindar sænskar hljóðvistarreglur; Tafla VII. Mörk fyrir hávaða frá vindmyllum og Tafla VIII. Mörk fyrir hávaða frá akstursípróttasvæðum.